



**468.fundur Þingvallanefndar
Miðvikudaginn 25.mars 2020
Fjarfundur kl 11:00**

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson Karl Gauti Hjaltason, Guðmundur Andri Thorsson. Páll Magnússon boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Áhrif Covid-19 á rekstur þjóðgarðsins

Þjóðgarðsvörður kynnti áhrif Covid19 á starfsemi og rekstur þjóðgarðsins. Viðbragðssáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu og viðbragðsteymi hefur verið virkjað. Undanfarnar vikur hefur verið dregið úr allri viðveru á Þingvöllum. Síðustu viku hafa bara verið tveir landverðir ásamt einum öðrum sem mæta til Þingvalla fyrir utan þjóðgarðsvörð. Flestir aðrir eru heima og aðrir í vaktafríi. Gestastofan er alveg lokuð en salernin utan við húsið eru þrifu daglega af verktaka. Stefnt er að því að fækka viðveru starfsmanna á Þingvöllum enn frekar á næstunni til að minnka smithættu en spara akstur.

Mikið tekjutap er fyrirsjáanlegt sem kemur beint við fjárhag þjóðgarðsins sem hefur verið byggður upp á sértekjum undanfarin ári. Áætlun yfir fall í sértekjum um 300-350 m.kr hefur verið kynnt fyrir Umhverfis og auðlindaráðuneyti og er beðið viðbragða vegna þessa. Öll útgjöld sem hægt er að hafa áhrif á hafa verið stöðvuð. Ýmsar framkvæmdir halda áfram þar sem þær eru ekki háðar sértekjum og eru a sérstökum fjárlagalið eða á innviðaaáætlun.

Þingvallanefnd þakkar fyrir yfirlitið og óskar eftir að vera upplýst áfram um framvindu mála.

2. Deiliskipulagstillaga.
Umræðu frestað.

Önnur mál.

Fundi slitið.